



## Reglur um leikskólavist

Forráðamenn barna með lögheimili í Reykjanesbæ geta sótt um leikskóla hvenær sem er eftir fæðingu barns.

Í umsókn skulu forráðamenn tilgreina æskilegan leikskóla (hægt er að sækja um annan til vara) og tímalengd.

Börn einstæðra foreldra, börn sem búa við fötlum og/eða veikindi og börn sem búa við félagslega erfiðleika njóta forgangs. Leikskólarýmum er úthlutað eftir aldri barna þannig að eldri börn ganga fyrir yngri.

Æskilegt er barnsins vegna að það mæti vel og stundvíslega í leikskólann. Boðið er upp á 4,5,6 eða 8 stundir daglega. Ef foreldrar óska eftir breytingum á dvalartíma barnanna sækja þeir um það hjá leikskólastjóra.

Umsókn um lengingu úr hlutarými í heilsdagsrými ber að líta á eins og nýja umsókn, en annars er gengið út frá dagsetningu upphaflegrar umsóknar.

Foreldrum er skylt að virða þann tíma sem barninu er úthlutað. Barninu skal skila í hendur starfsfólks og það látið vita þegar barni er sótt. Foreldrar eru beðnir um að tilkynna ef barni er fjarverandi t.d. vegna veikinda eða af öðrum ástæðum.

Vistunargjöld eru greidd með greiðslukorti eða í greiðsluþjónustu.

Greitt er fyrirfram og er eindagi 20. hvers mánaðar. Hafi gjald ekki verið greitt á eindaga bætast dráttarvextir við upphæðina. Skuldi foreldrar þrjá mánuði fellur leikskólavist niður og skuldin sett í innheimtu.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 1 mánuður og miðast við 1. hvers mánaðar.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur vegna breytinga á vistunartíma er þrjú mánuðir. Þótt barn sé fjarverandi greiða foreldrar fyrir dvölinna.

Foreldrum er skylt að tilkynna leikskóla um breytingar á högum sínum s.s. breytt heimilisfang, símanúmer (einnig vinnusíma) og breytta hjúskaparstöðu. Breyting á gjaldi kemur til framkvæmda 1. næsta mánaðar.

Lögheimili og fastar aðsetur í Reykjanesbæ er skilyrði fyrir leikskóladvöl barns.

Leikskólinn er lokaður í 5 vikur vegna sumarleyfa. Leikskólinn er einnig lokaður á skipulagsdögum sem eru auglýstir með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Á skipulagsdögum er starfið undirbúið, endurmetið og starfsfólkið sækir námskeið.

Leikskólum Reykjanesbæjar eru lokaðir á aðfangadag og gamlársgdag.

Barnið er slysatryggt í leikskólanum.

Starfsfólk er bundið þagnarskyldu.

Reglur voru endurskoðaðar í mars 2019.